



# Siðareglur birgja

## 1 Tilgangur og markmið

Siðareglur þessar byggja á stefnu Fossa fjárfestingarbanka hf. (hér eftir „Fossar“ eða „bankinn“) um sjálfbærni og er ætlað að tryggja að þær lágmarkskröfur sem Fossar gera til virðisikeðju sinnar séu uppfylltar. Siðareglurnar eiga við um alla birgja Fossa.

## 2 Gildissvið

Siðareglurnar gilda um birgja bankans. Reglurnar eru birtar á þeim hluta vefsvæðis bankans sem tileinkaður er sjálfbærnimálum, en jafnframt eru þær afhentar fyrirhuguðum birgjum þegar gengið er til samninga við þá og þegar samskipti við birgja gefa tilefni til upprifjunar með það að markmiði að efla gagnkvæman skilning og samstarf við birgja um samfélagslega ábyrgð.

## 3 Siðareglur birgja Fossa

Bankinn er meðvitaður um mikilvægi sjálfbærni í starfsemi sinni og samfélaginu í heild. Bankinn lítur á sjálfbærni sem langtímaverkefni og leitast við að hafa sjálfbærni að leiðarljósi í allri sinni starfsemi. Fossar eru í öflugri stöðu til að stuðla að jákvæðum breytingum í samfélaginu og leggja sitt af mörkum til samfélagslegra markmiða með markvissum aðgerðum í umhverfismálum, félagslegum málum og góðum stjórnarháttum.

Fossar leitast við að eiga í viðskiptum við birgja sem einnig er umhugað um og leggja sitt af mörkum til samfélagslegra markmiða og hafa því sett sérstakar siðareglur fyrir birgja sína. Með „birgjum“ er átt við þau fyrirtæki eða þá einstaklinga sem bankinn kaupir vörur eða þjónustu af. Markmið siðareglanna er að stuðla að því að Fossar hagi innkaupum sínum í samræmi við sjálfbærnistefnu bankans.

Siðareglur þessar kveða á um þær lágmarkskröfur sem Fossar gera til starfsemi birgja sinna. Gerð er sú grundvallarkrafa að birgjar bankans starfi í samræmi við ábyrga starfshætti og fylgi ávallt þeim lögum og reglum sem gilda um starfsemi þeirra hverju sinni. Meðal annars skal eftirfarandi gilda:

### 3.1 Almennt

Fossar hvetja birgja sína til að tileinka sér samfélagslega ábyrgð, vinna að framgangi UFS þátta og stuðla að jákvæðum áhrifum á umhverfi og samfélag. Eins hvetur bankinn birgja sína til að sýna ábyrgð í eigin aðfangakeðju og að gera sambærilegar kröfur og hér greinir til sinna eigin birgja.



### 3.2 Umhverfis- og loftslagsmál

Birgjar skulu þekkja umhverfisáhrif starfsemi sinnar og vinna að því að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og losun gróðurhúsalofttegunda.

Birgjar skulu meðhöndla úrgang frá starfsemi sinni á ábyrgan hátt og stuðla að hringrásarhagkerfi með endurnotkun og endurvinnslu.

### 3.3 Félagsleg mál

Birgjar skulu tryggja að farið sé eftir öllum gildandi lögum og reglum sem varða vinnu og starfskjör og skulu virða félagafrelsi og kjarasamningsbundinn rétt starfsfólks síns.

Birgjar skulu virða alþjóðlega viðurkennd mannréttindi í samræmi við Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna og gæta að réttindum barna í samræmi við Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Birgjar skulu tryggja starfsfólki sínu öruggar og heilsusamlegar vinnuaðstæður og tryggja að einelti, kynferðisleg- eða kynbundin áreitni og annars konar ofbeldi eða áreitni líðist ekki á starfsstöðum sínum.

Birgjar skulu stuðla að jöfnum tækifærum fyrir allt starfsfólk sitt óháð kynferði, kynþætti, kynhneigð, uppruna, aldurs, fötlunar eða trúar.

### 3.4 Stjórnarhættir

Birgjar skulu starfa í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og setja sér skriflegar siðareglur.

Birgjar skulu viðhafa gott siðferði í öllum þáttum rekstrar og leggja sitt af mörkum til að vinna gegn hvers konar spillingu og mútum.

Birgjar skulu fyrirbyggja hvers kyns hagsmunaárekstra í viðskiptum sínum við Fossa.

## 4 Brot gegn siðareglum

Ef upp kemur rökstuddur grunur um brot á þessum siðareglum munu Fossar grípa til viðeigandi aðgerða, í samvinnu við birgja, til að tryggja úrbætur. Fossar gera jafnframt ráð fyrir að birgjar bregðist við á viðeigandi hátt ef þeir fá ábendingar um að starfshættir þeirra fari gegn siðareglunum. Reynist úrbætur árangurslausar áskilja Fossar sér rétt til að slíta viðskiptasambandi.